

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2150
komudagur 11.4.2008



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
agnes@fornleifavernd.is

Reykjavík 9. apríl 2008
Tilvisun: Fvr 2007040012 IAS

Efni: Frumvarp til Skipulagslaga (374. mál), frumvarp til laga um mannvirki (375. mál) og frumvarp til breytingar á lögum um brunavarnir (376. mál)

Fornleifavernd ríkisins hafa borist til umsagnar eftirtalin frumvörp: Skipulagslög (374. mál), lög um mannvirki (375. mál) og breyting á lögum um brunavarnir (376. mál).

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við breytingu á lögum um brunavarnir (376. mál).

Fornleifavernd ríkisins gerir eftirfarandi athugasemd við Frumvarp til laga um mannvirki (375. mál):

Í 8. gr. frumvarpsins kemur fram að óheimilt er að rífa mannvirki nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingafulltrúa. Rétt er að benda á 6. grein laga nr. 104/2001 um húsafriðun og 9. og 10. grein laga nr. 107/2001 þjóðminjalaga, sem setja takmarkanir á heimild byggingafulltrúa til að veita leyfi til niðurrifs mannvirkja.

Fornleifavernd ríkisins gerir eftirfandi athugasemdir við Frumvarp til skipulagslaga (374. mál):

Í 13. og 44. grein frumvarpsins er fjallað um heimild sveitarstjórnar til að veita framkvæmdaleyfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Þar kemur fram að áður en slíkt framkvæmdaleyfi er veitt skuli fara fram grenndarkynning þar sem “skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta skipulagstillöguna og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins tíma sem skal vera a.m.k. fjórar vikur” (úr 44. gr.).

Nauðsynlegt er að hér verði einnig kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til að óska umsagnar Fornleifaverndar ríkisins þar sem i mörgum tilvikum er um að ræða jarðrask sem getur haft veruleg áhrif á fornleifar ef þær eru til staðar (sbr. 12., 13. og 14. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001).

Í 50. grein frumvarpsins er fjallað um heimildir til eignarnáms. Þar er veitt heimild skv. lið 3 að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulags að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli deiliskipulags “Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja að markmið þeirra nái fram að ganga.”

Hér telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að einnig verði heimilt að taka eignarnámi lóð eða lóðarhluta vegna friðaðra eða friðlýstra fornleifa sem á henni eru.

Þá vill Fornleifavernd ríkisins leggja ríka áherslu á að við gerð skipulagsreglugerðar þeirrar sem vísað er til í frumvarpi til skipulagslaga verði haft samráð við stofnunina, enda eru skipulagsmál og framkvæmdir á grundvelli þeirra sá málaflokkur sem mest áhrif hefur á fornleifar og aðrar jarðfastar menningarminjar.

Virðingarfyllt



Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri skipulagsmála